

Úrskurður nr. 6/2005

Tollstjóri endurákvæðar gjöld og breytir tollflokkun á jafnvægisblýi, ventlum og snjónöglum í hjólbarða. Kærandi krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi. Þá krefst kærandi þess að réttaráhrifum hins kærða úrskurðar verði frestað á meðan á meðferð málsins varir fyrir ríkistollanefnd. Ríkistollanefnd frestaði réttaráhrifum hins kærða úrskurðar en staðfesti hinn kærða úrskurð tollstjóra.

Með bréfi, dags. 22. apríl 2005, sem barst nefndinni s.d. kærir L. f.h. K., úrskurð tollstjóra, dags. 23. febrúar 2005. Tollstjóri endurákvæðar gjöld og breytir tollflokkun á jafnvægisblýi fyrir hjólbarða, ventlum og snjónöglum í hjólbarða. Þá krefst tollstjóri þess að miðað verði við brúttóþyngd hjólbarða en ekki nettóþyngd þegar innheimt er úrvinnslugjald á hjólbarða (BR-gjald). Kærandi krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi, tollflokkun á jafnvægisblýi verði staðfest og að miðað verði við nettóþyngd hjólbarða þegar innheimt er BR-gjald. Þá krefst kærandi þess að réttaráhrifum hins kærða úrskurðar verði frestað á meðan á meðferð málsins varir fyrir ríkistollanefnd. Ríkistollanefnd varð við beiðni kæranda hvað þetta varðar og frestaði réttaráhrifum hins kærða úrskurðar á meðan málið væri til meðferðar hjá nefndinni.

Kærandi krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi hvað varðar jafnvægisblý í hjólbarða. Þá er þess krafist að við tollafgreiðslu verði miðað við nettóþyngd hjólbarða að frádregnum umbúðum en ekki brúttóþyngd í þeim tilfellum sem það á við. Þá vekur kærandi athygli á að innflytjandi vörunnar fyllti ekki sjálfur út tollskýrslur heldur keypti þá þjónustu. Tollskýrslur vegna innflutningsins voru fylltar út skv. upplýsingum þess fyrirtækis í samræmi við áralanga framkvæmd hvað varðar þær vörur sem ágreiningur er um. Kærandi gerir ekki athugasemdir við breytingar tollstjóra á nokkrum sendingum. Hann fellst hins vegar ekki á þá ákvörðun tollstjóra að tollflokka jafnvægisblý fyrir hjólbarða í tnr. 8708.7000. Umsýsluaðili flokkaði vöruna í tnr 7806.0009 en sá flokkur er skilgreindur sem aðrar vörur úr blýi. Bent er á að varan sé úr blýi og því sé tnr. 7806.0009 sértækari en tnr. 8708.7000 sbr. almenna túlkunarreglu nr. 3. Varan sé úr hreinu blýi og nánast ekkert unnin. Þá komi ekkert fram í athugasemdum með kaflanum sem bendi til þess að jafnvægisblý falli ekki undir hann. Kærandi bendir á að ósamræmi sé í flokkun tollstjóra. Þannig séu stálnaglar í hjólbarða flokkaðir í tnr. 7317.0001 en ekki tnr. 8708.7000 sbr. það sem fram kom hér að ofan. Tollflokkur 7317.0001 sé sambærilegur við tnr. 7806.0009 að því leyti að um sé að ræða aðra stál-eða járnagla. Tollstjóri flokki því nagla í hjólbarða skv. efni þeirra og heiti en ekki með vísan til notkunar þeirra í hjólum ökutækja eins og gert sé með jafnvægisblýin. Sama gildi um ventla í hjólbarða sem flokkaðir séu í tnr. 8481.3000 en ekki tnr. 8707.7000 eins og mætti ætla miðað við tollflokkað jafnvægisblýanna. Kærandi bendir á að jafnvægisblý sé ekki sérstaklega skilgreind í tollflokki þeim sem endurákvörðun tollstjóra gerir ráð fyrir né sé að finna í athugasemdum neitt sem bendir til þess að jafnvægisblý eigi frekar að flokkast sem fylgihlutur í ökutæki en sem vara framleidd úr blýi. Kærandi bendir á að hugsanlegt sé að finna önnur not fyrir jafnvægisblý t.d. nota þau til að jafnvægisstilla hjól á hlutum sem ekki teljast til ökutækja og þá sé það þekkt að jafnvægisblý séu notuð sem sökkur. Með vísan til ofangreinds telur kærandi að hin kærða endurákvörðun sé röng hvað jafnvægisblýin varðar og því beri að fella hana úr gildi.

Kærandi telur að tollskrá sé svo ónákvæm í þessu tilfalli að heimild til endurákvörðunar brestir. Vísað er til stjórnsýslulaga og meginreglna stjórnsýsluréttar um lögmæti stjórnvaldsákvæðana að þessu leyti.

Þá kemur fram í kærinni að ekki séu gerðar athugasemdir við breytingar tollstjóra á tollflokkun á tögum og tollflokkun á ventlum. Ennfremur er ekki gerð athugasemd við leiðréttingu tollstjóra á upprunalandi vöru og vekur kærandi athygli á að mistökin séu ekki hans heldur umsýsluaðila með tollskýrslugerð.

Kærandi gerir athugasemdir við það að tollstjóri skuli miða við brúttóþyngd hjólbarða en ekki nettóþyngd. Í öllum sendingum sem endurákvörðunin tekur til hafi hjólbarðarnir verið fluttir inn á brettum eða stálgrindum sem séu ekki fjarlægð þegar vörunni er skipað í gáma. Því er mótmælt sem fram kemur í hinum kærða úrskurði að hjólbarðar séu almennt fluttir inn án umbúða. Hið rétta sé að algengt er að umbúðir fylgi en rétt sé að geta þess að innflytjandi geti ekki með nokkru móti haft áhrif á það með hvaða hætti erlendur viðskiptaaðili sendir vörurnar frá sér og hvað sé ritað í reikninga. Auðvelt sé þó að finna nettóþyngdina því að hjólbarðar

séu með staðlaðri þyngd eftir tegundum og styðst framleiðandi þeirra, Goodyear-Dunlop við þá staðla þegar nettóþyngdin er fundin. Hér sé um að ræða stærsta framleiðanda á hjólbörðum í heiminum sem hefur enga hagsmuni af því að skrá ranga nettóþyngd vörunnar. Kærandi telur að mun meiri ónákvæmni gæti hjá flutningsaðilum hingað til lands en þessum aðila þ.a. ef efast eigi um einhverjar þyngdartölur í málinu sé það helst brúttóþyngdin. Innflytjandi heldur því fram að ekkert hafi komið fram sem geri tilgreiningu á nettóþyngd tortryggilega og er þess krafist að endurákvörðun verði felld úr gildi þ.a. að miðað sé við nettóþyngd en ekki brúttóþyngd hjólbarðanna.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með bréfi embættisins dags. 16. júlí 2004 og 22. desember 2004, hafi K. verið gerð grein fyrir því að fyrirhuguð væri endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna eftirfarandi sendinga,

E-BRU-19-10-9-NO-FRK-W078	E-GOD-26-09-0-DE-HAM-W080
E-DET-03-11-3-NO-FRK-W055	E-SEL-10-11-3-NL-RTM-W309
E-GOD-01-10-1-NO-FRK-W076	E-SEL-28-10-2-NL-RTM-W005
E-GOD-05-11-2-NO-FRK-W054	S-HEG-31-03-9-DE-BRV-A021
E-GOD-08-10-2-DE-HAM-W052	E-GOD-28-06-9-NL-RTM-R363
E-GOD-08-10-2-NO-FRK-W052	S-ARN-05-05-9-DE-BRV-A010
E-GOD-13-09-0-NO-FRK-W085	S-HEG-31-03-9-NL-RTM-W063
E-GOD-10-10-0-SE-GOT-W124	

Hafi fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins verið gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Andmæli lögmanns innflytjanda bárust með bréfi, dags. 28. júlí s.l., og í kjölfar þeirra endurskoðaði embættið þær athugasemdir sem tilgreindar voru í bréfi þess frá 16. júlí 2004. Með bréfi embættisins, dags. 22. desember 2004, var tekið fram að embættið teldi að innflytjandi hefði réttilega tollflokkað álnagla í tollskránumer 7616.1000 en embættið hafði í bréfi sínu, dags. 16. júlí s.l., farið fram á að innflytjandi tollflokkaði álnagla í tnr. 8708.7000. Fallið var því frá endurákvörðun aðflutningsgjalda hvað varðaði álnagla í framangreindum sendingum. Þá taldi embættið, í bréfi sínu dags. 16. júlí s.l., að tollflokka beri stálnagla í tnr. 8708.7000 en innflytjandi hafði tollflokkað umrædda stálnagla í tnr. 7317.0001. Var innflytjanda tilkynnt með bréfi, dags. 22. desember s.l., að embættið teldi rétt að tollflokka bæri stálnagla í tnr. 7317.0009. Innflytjandi hafði tollflokkað jafnvægisblý í tnr. 7806.009. Tollstjóri breytir þeirri flokkun í tnr. 8708.7000 og tollflokkan á ventlum úr tnr. 7806.009 í tnr. 8481.3000 með vísan til túlkunarreglu 1 og 6 við tollskrá. Þá voru athugasemdir leiðréttar og útlistaðar á ný í bréfi embættisins, dags. 22. desember s.l.

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að í bréfi lögmanns innflytjanda, dags. 28. júlí s.l. sé á það bent að hjólbarðar væru fluttir inn á brettum eða sérstökum stálgrindum og því bæri ekki að miða við brúttóþyngd heldur bæri að miða við nettóþyngd að frádregnum umbúðum. Í bréfi tollstjóra, dags. 22. desember s.l., kom fram að embættið teldi ekki unnt að fallast á framangreinda skýringu. Ljóst væri að á reikningi yfir vörur í sendingu S ARN 05 05 9 DE BRV A010 væri brúttóþyngd vörunnar tilgreind 4.355 kg. Nettóþyngd vörunnar væri ekki tilgreind á reikningnum og umbúða (bretta eða stálgrinda) væri ekki getið á reikningum. Á reikningnum kæmi ekki fram að umbúðir (bretti eða stálgrindur) væru hluti af þyngd vörunnar og taldi embættið umræddan reikning leiða líkur að því að engar umbúðir hefðu verið með hjólbörðunum. Þá vísaði embættið einnig til þess að almennt þegar hjólbarðar væru fluttir til landsins þá væru þeir fluttir inn án umbúða.

Var fyrirsvarsmanni innflytjanda síðan á ný veitt færi á að gera frekari grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Var frestur til framangreinds veittur til 7. janúar 2005. Þann 19. janúar s.l. barst síðan bréf frá lögmanni innflytjanda þar sem farið var fram á frekari frest og framlengdi tollstjóraembættið frest til að koma að andmælum til 8. febrúar s.l. Engin frekari andmæli hafa borist embættinu.

Þá segir í úrskurði tollstjóra að í túlkunarreglu númer 1 segi að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skuli tollflokkan byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skuli fylgt öðrum túlkunarreglum tollskrárinnar. Í túlkunarreglu númer 6 segir að í lagalegu tilliti skuli flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verði bornir

saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gildi einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda er byggður á 1. mgr. og 3. tl. 5. mgr. 99.gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99.gr. tollalaganna komi fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 3. tl. 5. mgr. 99.gr. tollalaga er tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða. Umræddar sendingar voru afgreiddar með SMT-tollafgreiðslu.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar skv. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 55/1987 með bréfi þann 25. apríl 2005. Tollstjóraembættið óskaði eftir lengri fresti til gagnaöflunar og var hann veittur embættinu. Í svari sínu segir tollstjóri m.a. um tollflokkun jafnvægisblýs í hjólbarða að um sé að ræða blýlóð í mismunandi þyngdum, flest með málmklemmu eða fjöður, hönnuð með það fyrir augum að festa þau á ökuhjól (felgur) til að jafna þyngdardreifingu hjólanna og koma þannig í veg fyrir titring eða slátt í þeim. Þeir vöruliðir sem innflytjandi hefur notað eru annars vegar vöruliður **7803 Blýteinar, blýstengur, blýprófilar og blývír:** og hins vegar vöruliður **7806 Aðrar vörur úr blýi:**

Skilgreiningu á því hvaða vörur flokkast í vörulið 7803 er að finna í a, b, og c lið athugasemdar við 78. kafla tollskrár og tollstjóri fær ekki séð að þessar vörur falli þar undir. Tollstjóri telur að vöruliður 7806 eigi ekki heldur við þar sem vörunni er lýst í vörulið 8708, sem hjóðar svo: **Hlutar og fylgihlutar fyrir vélknúin ökutæki í nr.701.8705:**

Tollstjóri telur að taka þurfi einnig tillit til athugasemda 1. g. við XV. flokk tollskrár sem tiltekur að til flokksins teljist ekki vörur í flokki XVII (ökutæki, skip, bátar, flugvélar). Jafnframt sé hægt að lesa það út úr athugasemd 3 við XVII flokk að hlutar og fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega eru hæfir til nota við vörur í köflum 86-88. flokkist þar nema þeim sem sérstaklega sé frávísað úr flokknum með athugasemd 2 við hann. Almenn athugasemd (III) við XVII flokk í skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar styður þessa túlkun en þar eru tiltekin þrjú atriði sem hlutar og fylgihlutir verða að uppfylla til þess að flokkast þar, en þau eru:

1. Þeim má ekki vera vísað úr flokknum með ákvæðum 2. athugasemdar við hann og
2. þeir verða að vera eingöngu eða aðallega hæfir til nota við vörur í köflum 86-88, og
3. þeim má ekki vera nánar lýst annars staðar í tollskránni.

Jafnvægisblýin uppfylla öll þessi þrjú skilyrði og eru því réttilega flokkuð í vörulið 8708, nánar tiltekið í tollskrárnúmer 8708.7000.

Tollstjóri vill meina að einmitt þau dæmi sem kærandi tiltekur og eiga að sýna fram á að skýringar hans séu ekki í samræmi, og falli einmitt í tiltekin tollskrárnúmer vegna þess að þeim sé bæði frávísað úr flokknum með athugasemd 2 við hann, annars vegar b-lið (naglar) og hins vegar e-lið (ventlar), enda sé þeim einnig nánar lýst í vöruliðum 7317 og 8481.

Varðandi þá fullyrðingu innflytjanda að hjólbarðar í viðkomandi sendingum hafi verið fluttir inn á brettum eða stálgrindum sem ekki hafi verið fjarlægð þegar vörunni var skipað í gáma segir tollstjóri að innflytjandi hafa fengið tækifæri til þess við meðferð málsins að leggja fram gögn því til staðfestingar hafi hann ekki gert það. Ljósmyndir af brettum og grindum utan dyra geta ekki talist fullnægjandi gögn að mati tollstjóra.

Vegna fullyrðingar kæranda um að hjólbarðar séu ekki almennt fluttir inn án umbúða leitaði tollstjóri upplýsinga hjá tollvörðum sem reynslu hafa af skoðun vöru, og þá sérstaklega gáma með hjólbörðum. Að þeirra sögn eru slíkir gámar, sem þeir hafa skoðað, fylltir dekkjum frá gólfi í loft án bretta eða annarra undirstaða. Þá hefur tollstjóri skoðað aðflutningsskjöl varðandi nokkrar sendingar annarra fyrirtækja sem flytja inn hjólbarða og eru þau gögn á sama veg, þ.e. þegar fluttir hafa verið inn heilir gámar af hjólbörðum hefur nettóþyngd hjólbarðanna verið sú sama og brúttóþyngd sendingarinnar í heild. Með öðrum orðum það eru engar umbúðir, bretti eða undirstöður sem dragast frá brúttóþyngdinni.

Uppgefin nettóþyngd hjólbarðanna í þeim sendingum sem hér um ræðir er í öllum tilvikum nákvæmlega 10% minni en brúttóþyngd eins og oft er þegar nettóþyngdin er áætluð en byggir ekki á raunverulegri þyngd.

Um ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru með aðflutningsskýrslu vísast til 16. gr. tollalaga nr. 55/1987, með þeim breytingum sem gerðar voru með 8. gr. laga nr. 69/1996. Jafnframt vísast

til reglugerðar nr. 228/1993 um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra þar sem fram kemur hvaða upplýsingar eigi að koma fram á vörureikningi

(6. gr.) og einnig 19. gr. reglugerðarinnar sem hljóðar svo: „Sá sem ráðstafar vöru til tollmeðferðar ber ábyrgð á því að þær upplýsingar séu réttar sem veittar eru í tollskýrslu og fylgiskjöllum hennar.”

Þar sem gjaldtaka er á nettóþyngd á hún skilyrðislaust að vera rétt skráð. Má í því sambandi benda á bækling með upplýsingum um tollskýrslugerð sem jafnframt er aðgengilegur á heimasíðu tollstjóra. Þar er skýrt tekið fram í leiðbeiningum við dálka 30 (einingartala) og 31 (nettóþyngd í heilum kg) að „þegar nettóþyngd,... er gjaldstofn aðflutningsgjalda, sem lögð eru á vöru í tollskýrslu, er óheimilt að áætla upplýsingar um þessi atriði í dálkum 30 og 31. Í því tilviki er skylt að skrá rauntölur í dálka 30 og 31.”

Eins og fyrr hefur verið frá greint hefur embættinu ekki borist þau gögn sem hrekja fyrri niðurstöðu um að miða skuli við brúttóþyngd sendinganna sem hér um ræðir, enda er það venja við slíkan innflutning í heilum gámum að ekki séu til staðar nein bretti eða aðrar undirstöður.

Lagaheimild er ekki fyrir hendi til að falla frá dráttarvöxtum alfarið. Embætti tollstjóra hefur hins vegar farið yfir gögn málsins og niðurstaðan orðið sú að ákveðið hefur verið að falla frá kröfu um dráttarvexti á umrædda kröfu sem svarar til þess tíma sem dráttur varð á afgreiðslu málsins af hálfu embættisins, sbr. 4. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 12. gr. stjórnáskýringalaga nr. 37/1993, með síðari breytingum. Dráttarvextir eru því reiknaðir til og með 28. september 2003. Gerðar hafa verið viðeigandi breytingar í tollakerfi til lækkunar dráttarvaxta, sem þessu nemur. Þar sem kærandi hefur þegar greitt þá dráttarvexti sem áður höfðu verið ákvarðaðir mun honum einnig verða greiddir inneignarvextir af ofgreiddri upphæð skv. 6. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, með síðari breytingum.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi, dags. 5. ágúst s.l., og var kæranda veittur frestur til að skila inn athugasemdum við greinargerðina til 25. s.m. Í svari sem barst nefndinni þann 29. ágúst 2005 mótmælir kærandi þeim rökum tollstjóra sem liggja að baki ákvörðun hans um flokkun á jafnvægisblýi. Kærandi vísar að nokkru leyti til fyrri greinargerðar hvað þetta varðar.

Kærandi bendir á að öll tollskráin sé þannig byggð að hlutir séu almennt flokkaðir með tilliti til þeirra efna sem í þeim eru. Þannig séu hjólbarðar ekki í tollflokki 8708.7000 heldur séu flokkaðir með vörum úr gúmmí en í þessu sambandi vísar kærandi einnig til þeirra dæma sem tekin voru í kæru.

Kærandi ítrekar það sjónarmið sem fram kom í kæru að þetta leiði til þess að beinast liggi við að beita þeim tollflokki sem tollmiðlari innflytjanda flokkaði blýin í f.h. kæranda. Kærandi mótmælir því jafnframt að jafnvægisblý séu fylgihlutir með hjólum ökutækja. Þannig eru jafnvægisblý ekki framleidd sem hluti af ökutækjum eða sem varahlutir í ökutæki. Kærandi bendir á að ekki sé sjálfgefið að öll ökutæki þarfnist jafnvægisblýa þó að það sé nauðsynlegt í flestum tilfellum. Í samræmi við ofangreint og þar sem hvergi er minnst á jafnvægisblý í þeim tollflokki sem gagnaðili vill nota er því mótmælt að jafnvægisblý eigi undir tollflokki nr. 8708.7000 eða almennt undir XVII kafla tollskrár.

Þá er mótmælt þeim skilningi sem tollstjóri leggur í athugasemdir 1. liðar við XV. flokk tollskrár. Kærandi bendir á að jafnvægisblý flokkist hvorki sem ökutæki né séu þau nefnd undir XVII. flokk tollskrár sem gagnaðili vísar til. Vegna þessa hafi þessi regla ekki þau áhrif sem gagnaðili heldur fram.

Kærandi mótmælir einnig skýringu tollstjóra á athugasemd 3 við XVII. tollflokki. Reglan er útilokunarregla sem þrengir skýringu á hvað eigi undir tollflokkin. Reglan gefur til kynna að aukahlutir geti ekki flokkast sem slíkir nema þeir séu aðallega notaðir eða eingöngu við bifreiðar. Kærandi telur ekki rétt að gagnálykta frá reglunni með þeim hætti að alla aðra aukahluti eigi að flokka undir tollflokkin.

Þá bendir kærandi á að jafnvægisblý geti hæglega átt undir takmörkun á beitingu XVII. tollflokks sbr. 2. lið í athugasemdum sbr. 2. lið a í athugasemdum við XV. kafla. Kærandi telur ljóst að jafnvægisblý séu sambærilegar vörur við þær vörur sem þar eru nefndar sbr. einnig athugasemdir merktar A á eftir athugasemdum við XVII. kafla (á ensku í gögnum gagnaðila). Kærandi ítrekar að lokum að í a.m.k. áratug hafi jafnvægisblý verið flokkuð athuga-

semdalaust á þann hátt sem tollmiðlari gerði f.h. kæranda. Þá sé ljóst að heimildir þær sem gagnaðili byggir á eru mjög óljósar og að auðvelt er að túlka þær á hvorn veginn sem er sbr. framangreint. Kærandi byggir á því að túlka beri vafa kæranda í hag enda hafi tollstjóri ekki sinnt skyldu sinni skv. 24. gr. tollalaga nr. 55/1987 sem skyldi. Vegna þessa byggir kærandi á því að heimild til endurákvörðunar skorti. Kærandi bendir sérstaklega á að þungbært er fyrir kæranda að fá afturvirka endurákvörðun sem sé tilkomin vegna þess að óháður aðili hafi flokkað vöruna í tollflokk skv. áralangri hefð innflytjanda sem byggði á bestu vitund þeirra. Þegar kærandi lagði fram kæru sína var hún ófullkomin hvað varðaði ágreining um þyngd vara vegna þess að gögn skorti. Eftir að kærandi fékk í hendur tollskýrslur og reikninga að nýju kom í ljós að fylgibréf sem sagt er fylgja sendingunni í reit nr. 16 á tollskýrslu fylgir ekki. Kærandi hefur óskað eftir upplýsingum frá tollmiðlara en þau gögn hafa enn ekki borist. Kærandi óskar eftir því að gagnaðili leggi fram þetta bréf ef það er að finna í fórum hans. Kærandi bendir á að í gögnum málsins sé að finna dæmi þess að brúttóþyngd og nettóþyngd sendinga hjólbarða sé ekki sú sama. Í sendingu með númerið E-GOD-10-10-0-SE-GOT-W124 er nettóþyngd skv. tollskýrslu og gögnum frá framleiðanda 8.258 kg. en samkvæmt flutningsreikningi er brúttóþyngd 9.825 kg. Þetta telur kærandi að sýni í raun að hjólbarðar eru fluttir inn með umbúðum. Samkvæmt upplýsingum sem kærandi hefur aflað frá tollmiðlara þá er þyngd hjólbarða ekki áætluð enda er það óheimilt. Kærandi telur að skýringanna sé að leita í fylgibréfum þeim sem vantar í málinu og mun leggja þau fram sjálfur ef þau koma ekki í ljós hjá gagnaðila. Kærandi vísar að öðru leyti til röksemda í kæru og gagna málsins og ítrekar þær kröfur sem fram koma í kæru.

Ríkistollanefnd hefur kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Deilt er um réttmæti endurákvörðunar tollstjóra frá 23. febrúar 2005.

Kröfur kæranda eru þær helstar að í fyrsta lagi krefst hann þess að endurákvörðun tollstjóra verði felld úr gildi að því er varðar breytingu tollflokunar á jafnvægisblýi í hjólbarða úr tnr. 7806.0009 í tnr. 8708.7000. Í öðru lagi krefst hann þess að gjald af hjólbörðum verði miðað við uppgefna nettóþyngd að frádregnum umbúðum í stað brúttóþyngdar og í þriðja lagi að réttaráhrifum hins kærða úrskurðar verði frestað. Ríkistollanefnd varð við síðasttalinni kröfu kæranda og var honum tilkynnt með bréfi þann 11. maí s.l. að réttaráhrifum hins kærða úrskurðar væri frestað á meðan málið er til meðferðar hjá ríkistollanefnd. Eftir standa því fyrri tvær kröfurnar.

Nefndarmenn hafa farið yfir þau rök sem málsaðilar hafa lagt fram fyrir tollflokun á jafnvægisblýi fyrir hjólbarða. Blýin eru með innsteyptri fjöður oftast úr stáli til þess að festa við felguna eða með lími til þess að festa blýið við felgubrún á sléttum fleti hennar (felgunnar) ef ekki er hægt að nota blý með fjöður. Algeng þyngd þeirra er frá 5 gr – 80 gr sem eru heppilegar til jafnvægisstillingar á hjólbörðum ökutækja. Því er um að ræða samsetta vöru sem er sérstaklega sniðin að felgum fyrir ýmsar gerðir ökutækja til jafnvægisstillingar á hjólbörðum á felgum. Ljóst er að vara sú sem hér er nefnd jafnvægisblý er fyrst og fremst ætluð til að jafnvægisstillast (ballansera) hjólbarða ökutækja. Nefndarmenn eru sammála tollflokun tollstjóra og þeim rökum sem hann setur fram í greinargerð í málinu til rökstuðnings henni.

Þá er deilt um þyngd hjólbarða. Kærandi krefst þess að lögð verði til grundvallar álagningu BR-gjalds áætluð nettóþyngd vörunnar að frádregnum umbúðum en kærandi heldur því fram að varan sé flutt inn á vörupöllum. Tollstjóri leggur til grundvallar uppgefna þyngd á vörureikningum og farmbréfum yfir sendingarnar. Við skoðun á innflutningspappírnum kemur í ljós að nettóþyngd er ekki gefin upp á neinum af þeim fjórum sendingum sem endurákvörðunin tekur til. Í tveimur tilfellum er heildarþyngd vörunnar uppgefin á reikningum og er hún sú sama og fram kemur á farmbréfi. Munurinn á uppgefinni þyngd á innflutningspappírnum og uppgefinni þyngd vörunnar á farmbréfi er í öllum tilfellum 10%. Þá hefur innflytjandi lagt fram ljósmyndir af vörubrettum og stálgrindum sem hann segir að hafi verið umbúðir um vöruna. Innflytjandi hefur ekki lagt fram nein gögn frá seljanda vörunnar sem styðja þessa fullyrðingu hans um þyngd og umbúðir um vöruna. Að teknu tilliti til þessa eru nefndarmenn sammála þeirri niðurstöðu tollstjóra að miða skuli álagningu BR-gjalda við uppgefna heildarþyngd á vörureikningum og þegar hún er ekki tilgreind á vörureikningi að miða beri við þyngd á farmbréfi.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og 1 og 6 almennu túlkunarreglu tollskrár úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjóra, dags. 23. febrúar 2005, er staðfestur.

